

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kársnes – Bryggjuhverfi. Naustavör 13. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 10. mars 2026 breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis á Kársnesi fyrir lóðina nr. 13 við Naustavör.

Í breytingunni felst stækkun byggingarreits úr 900 m² í 1.212 m², stækkun lóðar úr 4.600 m² í 4.884 m² og hækkun byggingarreits úr 4 m í 6 m auk þess sem gólfkóti hækkar úr 4,5 í 5,3 m.y.s. Hámarkshæð fyrirhugaðrar byggingar hækkar um 3 m miðað við gildandi skipulag. Nýtingarhlutfall eykst úr 0,20 í 0,25. Komið er fyrir nýrri göngutengingu austan lóðarinnar ásamt því að fyrirkomulagi gatnamóta norðvestan lóðarinnar er breytt, í stað fyrirhugaðs hringtorgs verða T-gatnamót. Að öðru leyti er vísað í gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 18. mars 2026.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 20. mars 2026